




Þingeyjarsveit



S-09 VEITUR - STOFNKERFI  
Skýringaruppráttur með aðalskipulagi  
Dags.: Desember 2015 - Breytt 11.03.2020

## TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### Landskipulagsstefna 2015-2026

Landskipulagsstefna 2015-2026 felur í sér stefnu um flutningskerfi raforku í dreifbýli sbr. markmið 2.5.1 um að „Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflina verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 samræmist markmiðum landskipulagsstefnunnar.

### Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025

Í Svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 er gert ráð fyrir orkuvinnslusvæðum á Þeistareykjum og í Gjástykki. Aðalskipulagið er í samræmi við svæðisskipulagið (sjá nánar kafla 4.1, 4.7 og 4.16). Lega Hólasandslínu 3 frá Laxárdal að tengivirki á Hólasandi er í samræmi við Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025.

### AÐALSKIPULAG ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022

Í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem staðfest var 20 júní 2011 segir um efnistökusvæði (kafla 4.11 Efnistökusvæði, bls. 70) : „*Meginmarkmið aðalskipulagsins er að grjót- og malarnám fari aðeins fram á fáum skipulögðum svæðum þannig að efnisþörf til bygginga, vegagerðar og annarra framkvæmda í sveitarfélaginu sé fullnægt án þess að spilla umhverfinu að óþörfu. Lögð verði áhersla á góða umgengni og að fullnýttum svæðum verði lokað með uppgræðslu. (Heimilt er þó að bændur geti áfram tekið mól o.fl. í landi sínu til eigin nota, án þess að um sérstök efnistökusvæði sé að ræða).*“

Í aðalskipulaginu er jafnframt fjallað um **Hólasandslínu 3**, en þar segir m.a. (kafla 4.12 Veitur, bls. 73) : *Uppbygging á nýrri háspennulínu Akureyri-Hólasandur (eða Akureyri-Krafla) er liður í því að byggja upp 220 kV orkuflutningskerfi sem nær til meginhluta landsins. Núverandi byggðalína, Kröflulína 1 (132 kV), hefur takmarkaða flutningsgetu en hún mun þó standa áfram af öryggisástæðum. Akureyri-Hólasandur (220 kV) mun fylgja Kröflulínu 1 nánast alla leiðina.*

### LEYFI SEM FRAMKVÆMDIN ER HÁÐ

#### Sveitarstjórn

Framkvæmdin er háð leyfi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar á grundvelli staðfests skipulags og álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, sb. 14.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

### Minjastofnun Íslands

Óheimilt sé að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir. Minjastofnun Íslands þarf að veita **leyfi** ef raska þarf fornminjum.

### Heilbrigðiseftirlit

Sækja þarf um **starfsleyfi** til viðkomandi heilbrigðiseftirlits vegna nokkurra þátta framkvæmdarinnar, svo sem vinnubúða, efnistökuvæða o.fl. í samræmi við reglugerðir sem settar eru á grundvelli laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, s.s. reglugerðir nr. 785/1999 og 536/2001.

### BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Aðalvalkostur Landsnets er valinn með hliðsjón af niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum ólíkra valkosta. Framkvæmdinni fylgir lagning um 30 km af nýjum slóðum en einnig verða eldri slóðar nýttir og styrktir. Lega línunnar vikur frá gildandi aðalskipulagi á þremur stöðum (í *Bildsárskarði, Fnjóskadal* og *Laxárdal*). *Að öðru leiti er lega línu óbreytt skv. Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022.*

Markmið fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi er að tryggja að framboð á efni sé bæði aðgengilegt og nægjanlegt vegna fyrirhugaðra framkvæmda við **Hólasandslínu 3**.

### Fjöldi efnistökusvæða

Ný efnistökusvæði vegna framkvæmda við Hólasandslínu 3 eru 18, en þörfin fyrir fyllingarefni er áætluð um 270.000 m<sup>3</sup>. Fyrir liggur greining á áhrifum þeirra á umhverfi sitt. Vegna óvissu um gæði hvernar námu er áætlað 40% álag á hverja námu fyrir sig, þannig að einhverjar námur geta þá fallið út, en aðrar aukist um allt að 40%. Flatarmál efnistöku er áætlað miðað við notkun með 40% álagi. Hvernig námurnar nýtast nákvæmlega er óvíst og því eru stærri svæði í einhverjum tilfellum til rannsóknar. Akstur sem fylgir slíkum efnisflutningum getur orðið mjög mikill ef notaðar eru fáar stórar námur. Bæði eykur slíkur akstur álag á slóðirnar sem krefst burðar- og efnismeiri slóða auk þess sem kolefnisspor framkvæmdarinnar verður meira.

Af þeim 18 nýju námum sem settar eru fram í breytingum á aðalskipulagi eru 7 námur gamlar smánámur sem tekið þegar hefur verið úr, án þess að efnistökuvæðurnar hafi verið settar á skipulag. Í sumum tilfellum eru efnistökuvæðirnar við fyrirhugaða vegslóða og þannig nýtt efni úr skeringu slóðans; hann útvíkkaður og yfirborðið síðan lagað að slóðanum. Þær námur sem hér eru settar inn á aðalskipulag eru einungis ætlaðar fyrir þessa einu framkvæmd.

Að framkvæmdum loknum - og áður en kemur til endurskoðunar aðalskipulagsins -, mun sveitarfélagið fara sérstaklega yfir stöðu efnistökuvæða og fækka þá mögulega svæðunum að nýju til samræmis við meginstefnu sveitarfélagsins í efnistökuvæðum.

### Tímalengd efnisvinnslu

Nánari ákvörðun um nýtingu og **tímalengd** efnisvinnslu verður tekin við veitingu framkvæmdaleyfa þegar fullnaðarhönnun Hólasandslínu 3 er lokið. Þá verður jafnframt skoðað hvaða efnistökusvæðum verður lokað og tekin af skipulagi og/eða hvort einhver þeirra muni standa opin að framkvæmdum loknum.